

Efni: Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar og Einhverfusamtakanna um drög að reglugerð um notkun síma og snjalltækja í grunnskóla

Landssamtökin Proskahjálpar og Einhverfusamtökin taka undir mikilvægi þess að stuðla að námsfriði og vellíðan, styðja við félagsleg tengsl og skapa jákvæðan skólabrag.

Samtökin leggja áherslu á að reglugerðin verði útfærð þannig að hún tryggi rétt allra fatlaðra barna og barna með einstaklingsbundnar stuðningsþarfir, þar á meðal einhverfra barna, barna með þroskahömlun og barna með tjáskipta-, skynúrvinnslu- eða samsettar stuðningsþarfir. Reglugerðin þarf að taka mið af fjölbreyttum þörfum allra barna.

Fyrir mörg fötluð börn og börn með einstaklingsbundnar stuðningsþarfir er sími eða annað snjalltæki ekki fyrst og fremst afþreyingartæki heldur mikilvægt hjálpartæki eða annað stuðningstæki. Í tækinu geta meðal annars verið dagsskipulag, tímastjórnun, sjónrænar áminningar, tjáskiptaforrit, leiðbeiningar, róandi úrræði, tónlist eða önnur verkfæri sem styðja við sjálfstæði, öryggi, líðan og þátttöku barnsins í skólastarfi. Tæki sem nemandi notar til tjáskipta er ekki sími í venjulegum skilningi heldur getur verið forsenda þess að nemandinn geti tjáð vilja sinn, þarfir, líðan, samþykki eða synjun.

Almenn og víðtæk takmörkun á aðgangi að slíkum tækjum getur því haft verulega neikvæð áhrif á líðan, tjáskipti, sjálfstæði og námsgetu. Reglugerðin þarf þess vegna að gera skýran greinarmun á almennri símanotkun og notkun tækis vegna fötlunar, heilsufars eða einstaklingsbundinna stuðningsþarfa.

1. Nauðsynlegur stuðningur má ekki vera háður matskenndri heimild

Í 6. gr. reglugerðardraganna er gert ráð fyrir að veita megi undanþágu þegar notkun tækis er nauðsynleg vegna stuðningsþarfa nemanda. Í ákvæðinu segir þó aðeins að skólastjóri hafi heimild til að veita undanþágu.

Þegar tæki er nauðsynlegt til að tryggja tjáskipti, viðeigandi aðlögun, heilsu, öryggi eða þátttöku nemanda í skólastarfi getur undanþágan ekki verið valkvæð. Reglugerðin þarf að kveða skýrt á um að skólastjóra sé skylt að veita undanþágu án ástæðulauss dráttar. Varði þörfin tjáskipti, heilsu eða öryggi skal undanþágan veitt þegar í stað.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hefur lagagildi á Íslandi. Samkvæmt 24. gr. samningsins skal tryggja fötluðum nemendum viðeigandi aðlögun, nauðsynlegan stuðning innan almenna menntakerfisins og árangursríkan einstaklingsmiðaðan stuðning. Neitun um viðeigandi aðlögun getur jafnframt falið í sér mismunun á grundvelli fötlunar.

Samtökin leggja því til að skýrt komi fram að skólastjóra sé skylt að veita undanþágu þegar notkun tækis, aðgangur að því eða það að hafa það meðferðis er nauðsynlegt vegna fötlunar, heilsufars eða einstaklingsbundinna stuðningsþarfa nemanda.

Ráðuneytið þarf jafnframt að gefa út skýrar leiðbeiningar um framkvæmd undanþáguákvæðisins svo réttur barna til nauðsynlegs stuðnings ráðist ekki af mismunandi mati einstakra skóla, sveitarfélaga eða skólastjórnenda.

2. Raunveruleg stuðningsþörf en ekki formleg greining

Í reglugerðinni kemur ekki fram hvaða gögn þurfi að leggja fram þegar óskað er eftir undanþágu. Skýrt þarf að vera að formleg greining eða læknisvottorð sé ekki skilyrði þegar stuðningsþörf nemandans liggur fyrir með öðrum hætti.

Börn geta haft skýrar og brýnar stuðningsþarfir þótt formleg greining liggi ekki fyrir. Sum börn eru á biðlista eftir greiningu, önnur hafa ógreindar taugabroskaþarfir og þarfir geta verið breytilegar eftir aðstæðum og umhverfi.

Mat á undanþágu þarf að byggjast á raunverulegri og einstaklingsbundinni þörf barnsins en ekki eingöngu á formlegum gögnum, greiningarheiti eða læknisfræðilegri staðfestingu. Taka þarf mið af upplýsingum frá barninu sjálfu, foreldrum eða forsjáraðilum og þeim sem þekkja þarfir þess í skólastarfi.

3. Greina þarf á milli notkunar, aðgangs og þess að hafa tæki meðferðis

Samkvæmt 6. gr. er aðeins hægt að veita undanþágu frá banninu við notkun tækis samkvæmt 1. mgr. 5. gr. Undanþáguheimildin nær hins vegar ekki til ákvæðisins um að tæki skuli vera óaðgengilegt nemanda og geymt á stað sem hann kemst ekki að.

Þetta getur skapað verulegan vanda fyrir nemanda sem þarf að hafa tæki við höndina, þótt það sé aðeins notað við tilteknar aðstæður. Nemandi getur til dæmis þurft að grípa til tjáskiptatækis, fá viðvörun úr heilsufarsforriti eða nota tæki til að ná stjórn á skyn- eða tilfinningaálagi.

Almenn regla sem virðist hlutlaus getur haft ólík og íþyngjandi áhrif á fötluð börn ef hún tekur ekki nægilegt mið af stuðningsþörfum þeirra. Slík framkvæmd getur falið í sér mismunun á grundvelli fötlunar ef nemandi missir aðgang að viðeigandi aðlögun, tjáskiptum, öryggi eða þátttöku í skólastarfi.

Reglugerðin þarf því að gera skýran greinarmun á:

- heimild til að nota tæki,
- heimild til að hafa tæki aðgengilegt,
- heimild til að hafa tæki meðferðis án þess að nota það.

Undanþága þarf að geta tekið til eins eða fleiri þessara atriða eftir einstaklingsbundnum þörfum nemandans. Nemandi sem hefur heimild til að nota tæki vegna stuðningsþarfa þarf jafnframt að hafa tafarlausan aðgang að því þegar þörf skapast.

4. Hljóðdempandi heyrnartól og önnur hjálpartæki vegna skynúrvinnslu

Í skilgreiningu reglugerðardraganna eru þráðlaus heyrnartól talin til snjalltækja. Skilgreiningin nær þar af leiðandi einnig til heyrnartóla sem nemendur nota vegna skynúrvinnslu, meðal annars til að draga úr hávaða og öðru hljóðáreiti í skólaumhverfinu.

Hljóðdempandi heyrnartól, heyrnarhlífar og sambærilegur búnaður geta verið nauðsynleg hjálpartæki sem gera nemanda kleift að dvelja í skólaumhverfinu, taka þátt í námi og draga úr eða koma í veg fyrir of mikið álag. Slíkan búnað má ekki leggja að jöfnu við almenna síma- eða afþreyingarnotkun.

Taka þarf skýrt fram í reglugerðinni að notkun slíks búnaðar vegna skynúrvinnslu eða annarra einstaklingsbundinna stuðningsþarfa falli ekki undir almennt bann. Að öðrum kosti þarf að tryggja skýran rétt til notkunar hans án íþyngjandi umsóknarferlis og án tafar.

5. Frímínútur, matarhlé og frístundaheimili

Bannið nær frá upphafi fyrstu kennslustundar til loka starfstíma frístundaheimilis, þar með talið frímínútna og matarhléa.

Frímínútur og matarhlé geta verið sérstaklega krefjandi fyrir suma fatlaða nemendur og nemendur með einstaklingsbundnar stuðningsþarfir vegna hávaða, ófyrirsjáanleika og félagslegs álags. Sumir þurfa að geta dregið sig í hlé og notað tæki til að ná jafnvægi og geta áfram tekið þátt í skólastarfinu. Markmið um félagsleg tengsl má ekki leiða til þess að nemendur séu þvingaðir til félagslegrar þátttöku þegar þeir þurfa hvíld, næði eða skynhlé.

Reglugerðin nær einnig til frístundaheimila en samkvæmt orðalagi hennar er aðeins skólastjóra falið að veita undanþágur og bera ábyrgð á innleiðingu og framkvæmd. Skýra þarf hver hafi ákvörðunarvald og beri ábyrgð á undanþágum í frístundaheimilum, sérstaklega þegar þau eru ekki undir daglegri stjórn skólastjóra.

Tryggja þarf að sama undanþága gildi samfelld í kennslu, frímínútum, matarhléum, tómstundastarfi og frístundaheimili. Nemendur og foreldrar eða forsjáraðilar þeirra eiga ekki að þurfa að sækja um sömu aðlögun hjá fleiri en einum aðila eða endurtaka upplýsingar um stuðningsþarfir nemandans.

6. Samráð við nemandann og aðgengileg tjáskipti

Í 7. gr. er fjallað um almenna þátttöku nemenda við innleiðingu og framkvæmd reglugerðarinnar en ekki tryggt að haft verði samráð við einstakan nemanda um tæki sem hann notar vegna stuðningsþarfa.

Ákvörðun um undanþágu þarf að taka í raunverulegu samráði við nemandann og foreldra eða forsjáraðila hans. Samráðið þarf að fara fram á aðgengilegan hátt og taka mið af aldri, þroska og tjáskiptaleiðum nemandans.

Nemanda þarf að veita þann stuðning sem hann þarf til að tjá sjónarmið sín, þarfir og reynslu, þar á meðal með óhefðbundnum tjáskiptaleiðum eða tjáskiptatæki. Ekki má túlka skort á töluðu máli eða erfiðleika við að tjá sig sem skort á vilja, skoðunum eða þörf fyrir samráð.

7. Málsmeðferð undanþágubeiðna þarf að vera skýr og hraðvirk

Reglugerðardrögin fjalla ekki um hvernig óska skuli eftir undanþágu, hvaða upplýsingar þurfi að fylgja beiðni, afgreiðslufrest eða viðbrögð við synjun. Reglugerðin þarf að kveða skýrt á um:

- hverjir geti óskað eftir undanþágu,
 - hvaða upplýsinga megi krefjast við afgreiðslu beiðninnar,
 - að beiðni skuli afgreidd án ástæðulauss dráttar og brýn erindi vegna tjáskipta, heilsu eða öryggis þegar í stað,
 - hvaða réttindi nemandi hafi meðan beiðni er til meðferðar,
 - að synjun eða takmörkun undanþágu skuli vera skrifleg og rökstudd og hvernig óska megi endurskoðunar eða kæra ákvörðun,
 - að ekki þurfi að sækja aftur um sömu langtímaundanþágu nema stuðningsþarfir nemandans hafi breyst.
- Nemandi má ekki missa aðgang að nauðsynlegum stuðningi meðan beiðni er eftir ákvörðun. Geti takmörkun á notkun eða aðgangi að tæki skert tjáskipti, heilsu, öryggi eða þátttöku skal veita bráðabirgðaheimild til notkunar eða aðgangs þar til endanleg ákvörðun liggur fyrir.

8. Afhending tækja og skólustarf utan skólahúsnæðis

Reglugerðin þarf að tryggja að nemandi fái tæki sitt afhent án tafar þegar hann lýkur eða yfirgefur skóla- eða frístundastarf, hvort sem það er samkvæmt stundaskrá eða vegna veikinda, læknisheimsóknar eða annarra aðstæðna. Afhending á ekki að vera háð sérstakri undanþágu eða mati skólastjóra.

Einnig þarf að gera ráð fyrir að skóladagur geti hafist eða endað utan skólahúsnæðis, til dæmis í sundlaug, íþróttahúsi eða vettvangsferð. Í slíkum tilvikum þarf nemandi að geta haft tæki meðferðis, þótt notkun þess sé áfram takmörkuð samkvæmt almennum reglum.

9. Viðbrögð við brotum þurfa að taka mið af þörfum nemandans

Fyrir nemanda sem notar tæki til tjáskipta, skipulags eða sjálfsstjórnunar getur skyndilegur missir aðgangs að tækinu valdið mikilli vanlíðan og magnað upp aðstæður. Það sem virðist vera neitun um að fylgja reglum getur stafað af ótta, óöryggi eða því að nemandinn missi leið sína til að tjá sig eða ná jafnvægi.

Tæki sem gegnir hlutverki hjálpartækis, tjáskiptatækis, öryggistækis eða nauðsynlegs stuðnings má ekki taka af nemanda sem viðbragð við broti á almennum reglum um símanotkun.

Viðbrögð þurfa að vera einstaklingsmiðuð, hófleg og byggð á þekkingu á þörfum nemandans. Ekki má beita líkamlegri valdbeitingu til að ná tækinu af nemanda. Reglur og breytingar á fyrirkomulagi þarf að útskýra fyrirfram á aðgengilegan hátt og undirbúa í samráði við nemandann og foreldra eða forsjáraðila hans.

10. Geymsla og ábyrgð

Þegar skóli skyldar nemanda til að afhenda tæki og ákveður vörslu þess þarf að tryggja örugga, læsta og rekjanlega geymslu.

Ákvæði um að skóli beri aðeins ábyrgð á tjóni, hvarfi eða þjófnaði ef það verður rakið til stórfellds gáleysis eða ásetnings starfsfólks leggur áhættuna að verulegu leyti á nemendur og fjölskyldur, þótt þau hafi ekkert val um vörsluna.

Sérstaklega þarf að huga að dýrum tækjum, tækjum sem innihalda viðkvæmar upplýsingar og tækjum sem gegna hlutverki hjálpartækis, tjáskiptatækis eða annars stuðningstækis.

Niðurstaða

Landssamtökin Þroskahjálp og Einhverfusamtökin leggja áherslu á mikilvægi námsfriðar, vellíðanar og jákvæðs skólabrags. Þau markmið nást þó ekki með reglum sem geta svipt sum börn nauðsynlegum stuðningi.

Reglugerðin þarf að tryggja að fötluð börn og börn með einstaklingsbundnar stuðningsþarfir hafi áfram aðgang að þeim tækjum sem þau þurfa til tjáskipta, öryggis, sjálfstæðis, náms, skynúrvinnslu og þátttöku í skólastarfi.

Undanþágur vegna slíkra þarfa þurfa að vera skýr réttur barnsins en ekki matskennd heimild skólastjóra. Framkvæmd reglugerðarinnar þarf jafnframt að vera samræmd þannig að réttur barns ráðist ekki af því í hvaða skóla eða sveitarfélagi það er.

Reykjavík þann 7. júlí 2026,

Landssamtökin Þroskahjálp

Einhverfusamtökin


Guðmundur Ármann Pétursson
Formaður

Stefanía H. Marteinsdóttir
Stefanía Hulda Marteinsdóttir
Framkvæmdastjóri